

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Garðabær, 10. október 2025
202509-0035/A.B.
08.02

Efni: Umsögn – Breyting á deiliskipulagi - Vatnsendablettur 241A - Kópavogsbær.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar, dags. 5. september 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Vatnsendablett 241A og 241B.

Í breytingunni felst að gildandi lóð er skipt í tvær lóðir, hvor með einu íbúðarhúsi á einni hæð og kjallara, og að byggingarreitir færast til vesturs, fjær Elliðavatni og nær Elliðahvamsvegi. Bindandi byggingarlína er sýnd í 44 m fjarlægð frá vatninu og gert ráð fyrir tengingu allrar byggðar við fráveitukerfi Kópavogsbæjar samkvæmt uppdretti dags. 17. janúar 2022, uppfærðum 19. maí 2025.

Elliðavatn

Elliðavatn og nærliggjandi engjar, eyjar og bakkar hafa verið tilnefnd af Náttúrufræðistofnun á B-hluta náttúruminjakrár sem svæði með sérstakt verndargildi.

Vatnið og engjarnar eru búsvæði fjölbreytts fuglalífs og plantna, m.a. tjarnalauks og álftalauks, auk staðbundinnar bleikju og urriða.

Í lýsingu kemur fram að helstu ógnir fyrir svæðið séu vaxandi byggð og yfirborðsmengun frá regnvatni, vegum og iðnaði, og að tryggja þurfi nægjanlegan verndarjaðar og takmarka frekari uppbyggingu við vatnið til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á lífríki og vatnsgæði.¹

Mat og ábendingar Náttúruverndarstofnunar

Náttúruverndarstofnun bendir á að Elliðavatn er viðkvæmt vistkerfi þar sem rennslisbreytingar og frárennsli frá íbúðarbyggð geta haft bein og óbein áhrif á vatnsgæði og lífríki í vatninu.

Þrátt fyrir að byggingarreitir hafi verið færðir fjær vatninu telur stofnunin mikilvægt að tryggt sé að:

- öll fráveita og yfirborðsrennsli frá húsum, bílastæðum, götum og stígum sé tengt holræsaakerfi bæjarins og fari ekki óhreinsað í vatnið,
- mengunarvarnir verði útfærðar sérstaklega fyrir regnvatn og yfirborðsrennsli, með blágrænum ofanvatnslausnum, gróðursvæðum, síum eða öðrum mótvægisáðgerðum,
- við skipulag og framkvæmdir (t.d. gönguleið) verði gætt að því að vatnsbakkar og gróðurbelti meðfram vatninu haldist óröskuð og virki sem náttúruleg síun.

Slíkar varnir gætu samræmast markmiðum aðalskipulags Kópavogs um hverfisvernd Elliðavats.

¹ <https://www.natt.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudvesturland/ellidavatn>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Skúli Þórðarson

verkefnastjóri